

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Einiholti 1, landi 1 í Biskupstungum.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. desember 2022 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. nóvember 2022.

Í breytingunni felst að svæði VP14 fyrir verslun og þjónustu í landi Einiholts 1 er stækkað um 7 ha og verður 14 ha eftir breytingu og tekur til lands Einiholts og Mels. Markmið breytingarinnar er að auka heimildir til ferðaþjónustu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 22. desember 2022.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 6. janúar 2023